37 **Fiskiveiðasamþykkt.**

25. marz. Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefur samkvæmt lögum, 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. desbr. 1886, um breyting á fyrnefndum lögum, gert eptirfylgjandi

SAMÞYKKT

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum á Skagafirði.

1. gr.

Á tímabilinu frá miðju aprílmánaðar til júnímánaðarloka ár hvert má enginn eiga lóðir í sjó frá miðjum aptni á laugardögum til hádegis á mánudögum að vestanverðu við Drangey fyrir utan línu, sem hugsast dregin úr Reykjadiski sjónhendingu í syðri enda Málmeyar.

2. gr.

Enginn má slægja eða afhöfða nokkra fiskitegund á sjó úti á hvaða tíma árs sem er; heldur ekki má kasta beitunni í sjóinn, þá upp er stokkað fyrir utan línu þá, sem nefnd er í 1. gr.

3. gr.

Enginn má hafa síld til beitu á lóðir fyrir utan línu þá, sem nefnd er í 1. gr., frá byrjun aprílmánaðar til miðs júlímánaðar, að undanteknum þeim árum, er hafís bannar mönnum að stunda fuglveiði við Drangey og þarmeð hamlar þeim frá, að afla þeirrar beitu, er þar fæst (fuglaslög).

4. gr.

Að vestanverðu við Drangey, má enginn frá miðju aprílmánaðar til júnímánaðarloka leggja lóð fyrir norðan línu, er dregin sje frá Selnesi á Skaga sjónhendingu í syðri enda Málmeyar. (Til glöggvunar skal hlaða 2 vörður, aðra á Selnesinu og hina á borgunum þar vestur undan).

5. gr.

Aldrei má legðja lóð í sjó fyrir innan línu frá melhorni norðan við Gönguskarðsárós að vestan sjónhendingu í Brimnesgil að austan við fjörðinn.

6. gr.

Í hverjum þeim hrepp við Skagafjörð, er sjó sækir, skal hreppsnefnd skipa tilsjónarmenn svo marga, sem þurfa þykir, til þess að hafa gætur á, að eigi sje brotið á móti samþykkt þessari. Verði einhver uppvís að því, eða þyki tilsjónarmönnum líklegt, að einhver hafi brotið á móti samþykktinni, tilkynna þeir það hlutaðeigandi yfirvaldi.

7. gr.

Brjóti nokkur á móti samþykkt þessari, nema líf liggi við, varðar það sektum frá 10 kr. til 100 kr. eptir málavöxtum. Svo má og gera afla upptækan, ef miklar sakir eru. Helmingur sekta tilfalli fátækrasjóði viðkomandi hrepps, hinn helmingurinn uppljóstramanni og tilsjónarmönnum.

8. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt 29. marz 1889.

* *

Samþykkt þessi er hérmeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni* til þess að öðlast gildi 1. júlí 1891, og kunngjörð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands norður- og austuramt,
Akureyri, 25. marz 1891,
J. Havsteen.